

ALMENNUR STYRKUR

Reglur um úthlutun almennra styrkja leikskólaráðs Reykjavíkur

1. Markmið með styrkjum leikskólaráðs er að styrkja ýmis verkefni og starfsemi sem á einn eða annan hátt styður við eða stuðlar að bættu leikskólastarfi í Reykjavík.
2. Leikskólaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær til styrkveitinga. Í henni eiga sæti fulltrúi frá leikskólaskrifstofu, fulltrúi Félags leikskólakennara, fulltrúi leikskólastjóra og fulltrúi frá kennaramenntunarstofnun. Nefndin gerir tillögur til leikskólaráðs um hvaða verkefni fá styrk og styrkupp hæð.
3. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.
4. Umsóknir skulu hafa borist fyrir 1. október ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstökum eyðublöðum sem er að finna á <http://www.reykjavik.is/styrkir>. Styrkir skulu afgreiddir fyrir lok janúar ár hvert
5. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins og d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir leikskólastarf. Úthlutunarnefnd leitar álits sérfræðinga ef hún telur þörf á.
6. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að a) helmingur af styrkupp hæð greiðist fyrir júnílok ár hvert. Ef sú upp hæð er lægri en 500.000 kr. má greiða hana í einni greiðslu en annars skal jafna upp hæðinni á 2-6 mánuði; b) seinni helmingur styrkupp hæðarinnar greiðist fyrir lok ársins. Ef sú upp hæð er lægri en 500.000 kr. má greiða hana í einni greiðslu en annars skal jafna upp hæðinni á 2-6 mánuði.
7. Þeir aðilar sem fá úthlutað styrk skulu skila fjárhagsyfirliti til aðalskrifstofu Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar áður en síðari greiðsla fer fram.
8. Leikskólasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín.